



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 28/2010

varðandi kröfu Símans um endurgreiðslu ofgreidds rekstrargjalds vegna tekna af meintri fjarskiptastarfsemi utan Íslands

I

Inngangur

Mál þetta varðar kröfu Símans hf. (Síminn) um endurgreiðslu meints ofgreidds rekstrargjalds vegna tekna félagsins á árunum 2002-2008 sem að mati félagsins teljast til fjarskiptastarfsemi utan Íslands og myndi þannig ekki stofn til rekstrargjalds. Í fyrsta lagi er um er að ræða tekjur vegna reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands. Í öðru lagi tekjur af svokallaðri [...]¹ þjónustu sem [...]. Að lokum er um að ræða tekjur af [...] utan Íslands.

Endurgreiðslukrafa Símans hljóðaði upphaflega upp á tæpar [...] milljónir kr., að undanskildum vöxtum og dráttarvöxtum, en við meðferð málsins hækkaði krafan í rúmar [...] milljónir kr.

II

Málavextir

2.1 Krafa Símans um endurgreiðslu ofgreidds rekstrargjalds, dags. 27. nóvember 2009

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2009, barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) krafa frá Símanum um endurgreiðslu meints ofgreidds rekstrargjalds. Fram kom að í 4. mgr. 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 (PFSL) væri kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skyldu greiða stofnuninni rekstrargjald sem næmi 0,30% af bókfærðri

¹ Felld brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar felldar hafa verið brott innan hornklofa í framhaldinu.

veltu af fjarskiptastarfsemi *hér á landi*. Síminn hefði undanfarin ár talið bókfærða veltu sem yrði til af fjarskiptastarfsemi *utan* Íslands með í stofni til rekstrargjalds sem skilað væri til stofnunarinnar. Þess væri krafist að PFS endurgreiddi Símanum ofgreitt rekstrargjald frá árinu 2003, samtals kr. [...]. Sú fjarskiptaþjónusta sem um ræddi væri eftirfarandi:

Reikiþjónusta erlendis

Reikiþjónusta sem viðskiptavinir Símans notuðu sem staddir væru erlendis væri að mati Símans fjarskiptaþjónusta sem viðskiptavinum væri veitt í öðru landi en á Íslandi. Til þess að veita þjónustuna væru notuð fjarskiptanet erlendra fyrirtækja. Því væri augljóst að ekki gæti talist um fjarskiptaþjónustu hér á landi að ræða í því tilfalli.

Þjónusta [...]

Bókfærð velta vegna þjónustu sem [...] veitti. Sú þjónusta væri veitt á hafi úti og í lofti á svæðum sem væru utan Íslands og gæti því ekki talist veitt hér á landi.

[...]

Um væri að ræða þjónustu sem eingöngu væri veitt til [...]. Viðskiptavinir þessara fyrirtækja [...], í gegnum þjónustu Símans.

2.2 Fyrirspurnarbréf PFS til Símans, dags. 30. desember 2009

Með bréfi, dags. 30. desember s.l., óskaði PFS eftir nánari upplýsingum frá Símanum um ofangreint erindi félagsins. Til að stofnunin gæti tekið afstöðu til kröfu Símans um endurupptöku álagningar rekstrargjalds væri nauðsynlegt að Síminn gerði nánari grein fyrir framangreindri kröfu og veitti stofnuninni nánari upplýsingar þar að lútandi. Því óskaði PFS eftir nákvæmum sundurliðunum á þeim tekjum sem Síminn teldi að mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds (skipt niður á hagnaðarstöðvar og bókhaldslykla) og að félagið útskýrði í hverju þær fælust, ásamt ítarlegum rökstuðningi fyrir því hvers vegna þær féllu ekki innan rekstrargjaldsstofns að mati félagsins. Gögnin skyldu vera sundurliðuð eftir árum og umræddum þjónustuþáttum.

2.3 Svarbréf Símans, dags. 20. janúar 2010

Svar Símans við ofangreindri fyrirspurn barst með bréfi, dags. 20. janúar s.l. Fram kom að meðfylgjandi væri nákvæm sundurliðun á þeim tekjum sem að mati félagsins hefðu ranglega talist til rekstrargjaldsstofns, þar sem þjónustan væri öll veitt utan Íslands. Samkvæmt umræddri sundurliðun næmi hinn meinti ofgreiddi rekstrargjaldsstofn kr. [...] á sjö árum, þ.e. frá rekstrarárinu 2002-2008. Samkvæmt því næmi hið meinta ofgreidda rekstrargjald kr. [...].² Í neðangreindri töflu má sjá sundurliðun Símans á kröfunni eftir rekstrarárum og á milli þjónustutegunda³

² Rekstrargjaldshlutfallið vegna fyrsta rekstrarársins (2002) var 0,25%, 0,20% vegna rekstraráranna 2003-2006 og 0,30% vegna rekstraráranna 2007 og 2008. Í meðfylgjandi útreikningum Símans voru þau mistök gerð að reikna endurgreiðslu rekstrargjalds miðað við 0,30% vegna rekstrarársins 2006. Þegar þetta er

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
	0,25%	0,20%	0,20%	0,20%	0,30%	0,30%	0,30%
Erlent reiki	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]					[...]	[...]	[...]
[...]					[...]	[...]	[...]
Samtals stofn	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Ofgreitt	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Samtals ofgreitt							[...]

Síminn gerði síðan nánari grein fyrir ofangreindum þremur þjónustuflokkum, sbr. neðangreint.

Reikiþjónusta erlendis [...]

Um væri að ræða þjónustu þar sem [...]. Þjónustan væri því alfarið veitt utan Íslands og tekjufærslan yrði að öllu leyti til erlendis.

[...] þjónusta [...]

Þjónustan væri [...]. Fullljóst væri því að þjónustan sem um ræddi væri veitt utan Íslands og gæti því ekki fallið undir rekstrargjaldsstofn í skilningi 14. gr. laga nr. 69/2003.

[...]

Þjónustan væri einungis veitt fyrirtækjum sem [...]. Síminn innheimti þjónustugjöld af þessum fyrirtækjum samkvæmt samningi við þau. Ljóst væri því að um væri að ræða fjarskiptastarfsemi sem færi fram utan Íslands og félli utan rekstrargjaldsstofns.

Að lokum taldi Síminn hafið yfir vafa að ofangreindir þjónustupættir teldust til fjarskiptastarfsemi sem færi fram utan Íslands og féllu því utan rekstrargjaldsstofns í skilningi 14. gr. PFSL.

2.4 Fyrirspurnarbréf PFS til Símans, dags. 20. maí 2010

Með bréfi, dags. 20. maí s.l., óskaði PFS eftir frekari gögnum og skýringum frá Símanum varðandi þá þjónustupætti sem félagið taldi standa utan stofns til rekstrargjalds til að geta tekið afstöðu til kröfu félagsins um endurgreiðslu meints ofgreidds rekstrargjalds. Þess var farið á leit að félagið afhenti stofnuninni afrit af einum samningi, ásamt viðaukum, vegna [...] þjónustu sem væri lýsandi fyrir tilhögun þjónustunnar. Einnig tæmandi upplýsingum um fjölda viðsemjenda félagsins vegna umræddrar þjónustu miðað við áramótin 2008/2009, nöfn þeirra og sundurliðun á tekjum vegna árána 2006-2008 vegna hvers og eins þeirra. Þá óskaði PFS eftir að Síminn afhenti stofnuninni afrit af samningum félagsins við [...] þá aðila sem félagið hefði gert samninga við vegna [...], ásamt viðaukum ef um þá væri að ræða. Einnig væri óskað eftir sundurliðun tekna af umræddum þjónustupætti milli fyrirtækjanna á árunum 2006-2008. Að lokum var óskað

leiðrétt lækkar fjárhæð hins meinta ofgreidda rekstrargjalds um tæpar 2,2 milljónir króna og verður kr. 22.488.599 kr. vegna ofangreindra sjö ára.

³ Upphæðir eru í þúsundum króna.

eftir sundurliðun á tekjum farsímasviðs Símans vegna þeirra ára sem erindið nærði til (2002-2008) eftir bókhaldslyklum og hagnaðarstöðvum.

2.5 Svarbréf Símans, dags. 3. júní 2010

Svar Símans, ásamt umbeðnum gögnum, barst með bréfi, dags. 3. júní s.l. Um var að ræða eftirfarandi gögn:

1. Afrit af einum [...].
2. Yfirlit yfir tekjur Símans vegna [...] þjónustunnar árin 2006-2008, sundurliðaðar á nafn hvers viðsemjanda.
3. Afrit af samningi við [...] ásamt sundurliðun niður á fyrirtæki vegna áranna 2006-2008.
4. Yfirlit yfir tekjur farsímasviðs Símans árin 2002-2008, sundurliðaðar niður á bókhaldslykla og hagnaðarstöðvar.

2.6 Boðunarbréf PFS, dags. 23. júlí 2010

Með bréfi PFS til Símans, dags. 23. júlí 2010, boðaði stofnunin fyrirhugaða ákvörðun sína um að synja kröfum félagsins um endurgreiðslu rekstrargjalds. Hér að neðan verður nánari grein gerð fyrir afstöðu PFS til krafna Símans.

Reikiþjónusta erlendis

Í umræddu boðunarbréfi kom fram að í úrskurði yfirskattanefndar (YSKN) nr. 80/2001 hefði reynt á ýmis atriði varðandi rekstrargjaldsstofn Símans. Fram kom að félagið hefði kært álagningu skattstjóra, sem þá lagði á rekstrargjald, vegna rekstrarársins 1997. Félagið hefði m.a. haldið því fram að tekjur í formi gjalda og þóknana sem félagið innheimti fyrir aðra aðila (t.d. samtengingjöld til annarra fjarskiptafyrirtækja, innlendra sem erlendra) mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds. Að öðrum kosti gætu tekjur af sama símtali verið *tvítaldar* með stofni til rekstrargjalds sem væri andstætt almennum skatt- og gjaldtökusjónarmiðum. Auk þess væri við ákvörðun á stofni til rekstrargjalds eðlilegt að túlka hugtakið „velta“ þröngt í samræmi við viðurkennd lögskýringarsjónarmið í skattarétti þannig að hugtakið tæki einungis til „eiginlegra“ rekstrartekna leyfishafa. Þá kæmi eftirfarandi orðrétt fram í kærú Símans til skattstjóra:

„Þannig er einkaréttarnotkun í NMT-farsímakerfinu samtals ... kr. og í GSM-farsímakerfinu ... kr. Farsímanotkun í almenna talsímakerfinu vegna GSM nemur ... kr. og vegna NMT ... kr. Þá nemur notkun í öllum símakerfunum þremur sem tekjufærðar eru hjá Pósti & síma hf. en **tilheyra erlendum símakerfum** og skilað er til þeirra samtals ... kr. Með sama hætti er tekjufærð hjá Pósti & síma hf. notkun á gagnaneti **sem tilheyrir erlendum aðilum** og skilað er til þeirra samtals ... kr. Loks nema endastöðvatekjur pósts sem tekjufærðar eru hjá Pósti & síma hf. en **skilað er til erlendra aðila** samtals ... kr. Félagið gerir kröfu um að gjaldskyld velta lækki um ofangreindrar fjárhæðir eða samtals ... kr.“ (leturbr. undirritaðs)

Í úrskurði sínum hefði YSKN komist að þeirri niðurstöðu að telja yrði að tekjur af ofangreindri þjónustu teldust *að öllu leyti* tekjur í hendi Símans sem féllu undir stofn til rekstrargjalds, burtséð frá því hvort Síminn þyrfti að greiða innlendum eða *erlendum* aðilum hlutdeild í þeim. Vísaði nefndin m.a. til ákvæða þágildandi fjarskiptalaga um samtengingu fjarskiptaneta. Þá segir orðrétt á bls. 14:

„ ... er rekstrargjald lagt á bókfærða veltu rekstrarleyfishafa, þ.e. rekstrartekjur sem hann hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi. Eins og umboðsmaður kæranda hefur rakið rennur greiðsla símnotanda fyrir símtal, sem fer um samtengt fjarskiptanet kæranda og annars fjarskiptafyrirtækis, til kæranda sjálfs, þ.e.a.s. í þeim tilvikum þegar símtal á upphaf sitt í fjarskiptaneti kæranda. Skilja verður kæru umboðsmanns til skattstjóra þannig að í samræmi við almennar reikningsskilareglur hafi greiðslur þessar verið bókfærðar sem rekstrartekjur kæranda. Um uppgjör kæranda við samtengingaraðila vegna slíkrar fjarskiptaþjónustu hefur ekki annað komið fram af hálfu kæranda en að félagið skili samtengingaraðila hans hluta „samkvæmt samningum“, sem skilja verður svo að greiðsla til samtengingaraðila vegna notkunar á neti hans ráðist af samningi hans við kæranda. Taka verður undir með skattstjóra að miðað við þessa lýsingu á umræddum viðskiptum og með hliðsjón af meðferð tekna vegna símtala, sem fara um samtengt fjarskiptanet félagsins við annað fjarskiptafyrirtæki, í reikningsskilum kæranda, *verður að telja að tekjur af þessari þjónustu teljist að öllu leyti tekjur í hendi kæranda sem falla undir stofn til rekstrargjalds* eins og sá stofn er markaður í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 147/2003. ... Er kröfu kæranda varðandi þetta kærutriði því hafnað.“ (leturbr. undirritaðs)

Samkvæmt ofangreindu væri að mati PFS ljóst að ákvæði 4. mgr. 14. gr. PFSL um rekstrargjald ætti við þegar um væri að ræða samtengitekjur sem Síminn *innheimti fyrir og skilaði til innlendra sem erlendra gagnaðila* að samtengisamningum. Þetta ætti við um tekjur af öllum símtölum sem ættu uppruna sinn í kerfum Símans eða færu að einhverju leyti um kerfi Símans hér á landi, hvort sem viðkomandi viðskiptavinur Símans væri staddur hér á landi eða erlendis þegar hann hringdi úr símanúmeri félagsins.

Að mati PFS væri ótækt að líta svo á að símtöl slíkra viðskiptavina Símans sem ættu sér stað erlendis væri ekki fjarskiptaþjónusta sem veitt væri hér á landi. Ljóst væri að viðkomandi aðili væri með símanúmer sem hann hefði fengið úthlutað af Símanum og í tengslum við samtengisamninga Símans við erlenda aðila gæti viðkomandi hringt úr umræddu númeri ef hann væri í námunda við slíkan erlendan samstarfsaðila Símans. Viðkomandi ætti ekkert samnings samband við hinn erlenda samstarfsaðila Símans heldur fengi hann reikning frá Símanum fyrir alla notkun sína, burtséð frá því hvort símtalið ætti sér stað á Íslandi eða erlendis. Umrædd viðskipti væru stunduð í nafni og á ábyrgð Símans sem væri fjarskiptafyrirtæki skráð á Íslandi og bæri þess vegna skyldur og nyti réttinda sem slíkt. Þess mætti einnig geta að ef hringt væri úr einum íslenskum farsíma í annan í útlöndum greiddi sá sem hringdi fyrir símtal til Íslands og sá sem hringt væri í fyrir símtal frá Íslandi til viðkomandi lands. Símtalið færi sem sagt fyrst til Íslands og svo til útlanda eins og um millilandasímtal væri að ræða.

Í ofangreindu máli YSKN hefði Síminn einnig farið fram á að tekjur af jarðstöðvum í Noregi væru undanþegnar stofni til rekstrargjalds. Síminn hélt því fram að um eignatekjur og endurgreidda fjárfestingu hefði verið að ræða sem ekki væri leyfis skyld. Skattstjóri hefði hafnað kröfu Símans með vísan til þess að ekki yrði annað ráðið en að

meginstofni til hefðu verið um að ræða tekjur eða hlutdeild í arði vegna samrekstrar á eign, sem nýtt hefði verið til sölu á fjarskiptaþjónustu, þ.e. rekstrarleyfisskyldri starfsemi. Í kærnu sinni hefði Síminn bent á að rekstrargjald skyldi einungis greiða af leyfisbundinni starfsemi *hér á landi*. Þegar af þeirri ástæðu væru umræddar tekjur undanþegnar gjaldinu þar sem þær yrðu til *erlendis*.

Í úrskurði YSKN hefði komið fram að af hálfu kæranda hefði takmörkuð grein verið gerð fyrir umræddum tekjum. Einungis hefði komið fram að um væri að ræða eignatekjur og endurgreidda fjárfestingu. Eins og þetta kæruatriði lægi fyrir yrði að ganga út frá því að hinar umdeildu tekjur af jarðstöðvum væru *a.m.k. að einhverju marki til komnar vegna sölu á fjarskiptaþjónustu* í skilningi fjarskiptalaga, svo sem skattstjóri hefði álitid. Í kærnu til yfirskattanefndar hefði þeirri málsástæðu hins vegar verið teflt fram af hálfu kæranda að tekjurnar féllu utan stofns til rekstrargjalds þar sem það skilyrði gjaldtöku, að um væri að ræða rekstrartekjur af leyfisbundinni starfsemi leyfishafa *hér á landi*, væri ekki uppfyllt í tilviki umræddra tekna, sem hefðu orðið til *erlendis*. Virtist litid svo á af hálfu kæranda að sú staðreynd, að um jarðstöðvar í Noregi hefði verið að ræða, hefði í för með sér að ekki gæti verið um leyfisbundna starfsemi *hér á landi* að ræða. Síðar segir orðrétt:

„Af þessu tilefni skal tekið fram að *fjarskiptaþjónusta getur talist veitt hér á landi þótt fjarskipti fari um erlent fjarskiptavirki*, svo sem við á um símtöl til útlanda. Kærandi hefur enga grein gert fyrir starfsemi þeirra jarðstöðva sem í málinu greinir né fært haldbær rök fyrir því að notkun Símans á stöðvunum á árinu 1997 hafi ekki verið liður í leyfisbundinni starfsemi félagsins *hér á landi*. Þykir þetta kæruatriði í þeim mæli vanreifað af hálfu kæranda að vísa verður kröfu kæranda frá yfirskattanefnd að svo stöddu.“ (leturbr. undirritaðs)

Að mati PFS styddi ofangreint atriði framangreinda afstöðu PFS, þ.e. að fjarskiptaþjónusta gæti talist veitt hér á landi þótt fjarskipti færu um erlent fjarskiptavirki. Hér skipti mestu máli að um væri að ræða viðskiptavinum sem ættu í samningssambandi við Símann og væru umrædd viðskipti stunduð í nafni og á ábyrgð félagsins. Viðskiptavinirnir fengu úthlutað símanúmeri frá félaginu og gætu hringt úr sínum sínum í útlöndum á kerfi Símans og/eða kerfum samstarfsaðila Símans. Símanum væri kleift að bjóða upp á slíka þjónustu þar sem félagið væri skráð á Íslandi sem fjarskipta fyrirtæki og nyti réttinda og bæri skyldur samkvæmt því. Viðskiptavinur Símans greiddi Símanum síðan allan reikninginn, bæði hvað varðaði símtöl sem ættu sér stað innanlands og erlendis, og Síminn stæði síðan hinum erlenda viðsemjanda sínum skil á hans hlut. Hlutur hins erlenda aðila væri því eins og hver önnur aðföng í rekstri Símans. Til tekjuskatts væru þau aðföng dregin frá sem kostnaður á móti tekjum en slíkt ætti ekki við um brúttóskatt þann sem rekstrargjaldið væri. Því hefði PFS í hyggju að hafna kröfu Símans um endurgreiðslu á meintu ofgreiddu rekstrargjaldi vegna „reikiþjónustu erlendis“.

Þjónusta [...]

Í boðunarbréfi PFS hefði komið fram að í viðauka við reikisamning Símans og [...], sem Síminn hefði afhent stofnuninni, væri fjallað um [...] þjónustu Símans. Viðaukinn bæri heitið [...]. Fram hefði komið að um væri að ræða viðauka við gildandi alþjóðlegan reikisamning milli Símans og [...]. Síminn skyldi m.a. tryggja [...] og viðskiptavinum þess félags [...] þjónustu. Í viðhengi við ofangreindan viðauka [...] kæmi m.a. fram varðandi

[...] að viðeigandi kóði þjónustunnar væri [...] og að Ísland væri landið þar sem starfsemin færi fram í (e. Country of Operation).

Í ofangreindu boðunarbréfi PFS hefði komið fram að umrædd [...] þjónusta Símans væri starfrækt um fjarskiptanet Símans á Íslandi með íslenskum farsímakóða [...]. Símtöl í [...] þjónustu Símans færu ávallt um hið íslenska fjarskiptanet og [...]

Því var Símanum tilkynnt að PFS hefði í hyggju að hafna þeirri kröfu Símans að tekjur af umræddri þjónustu mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds vegna ofangreindrar augljósu tengingar starfseminnar við hið innlenda fjarskiptanet Símans, auk þess sem þjónustan byggði á kóða sem PFS hefði úthlutað félaginu eftir íslenskum fjarskiptalögum og reglum.

[...]

Í ofangreindu boðunarbréfi PFS hefði komið fram að samningur Símans og [...], sem Síminn hefði afhent PFS, hefði verið undirritaður 1. apríl 2008. Síminn væri í samningnum skilgreindur sem þjónustuveitandi (e. Service provider) gagnvart [...].

Að mati PFS væri Síminn samkvæmt samningnum að [...]. Síminn gerði það í gegnum hið innlenda símkerfi sitt. PFS teldi það ekki skipta máli í þessu sambandi þótt endanlegur viðtakandi skilaboðanna [...]. Símanum væri þetta mögulegt þar sem félagið væri skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og bæri skyldur og nyti réttinda samkvæmt íslenskum fjarskiptalögum. Síminn væri með þessu að [...].

Að ofangreindu virtu hefði PFS í hyggju að hafna þeirri kröfu Símans að tekjur af umræddri þjónustu mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds vegna ofangreindrar augljósu tengingar starfseminnar við hið innlenda fjarskiptanet Símans.

2.7 Andmælabréf LOGOS, f.h. Símans, dags. 3. september 2010

2.7.1 Inngangur

Með bréfi, dags. 3. september s.l., barst PFS andmælabréf frá lögmannsstofunni LOGOS, f.h. Símans, vegna hinnar fyrirhuguðu boðuðu ákvörðunar. Fram kom að um fjárhæðir vísaðist til fyrirbyggjandi gagna málsins, en heildarfjárhæð meints ofgreidds rekstrargjalds á umræddu tímabili hefði verið tilgreind samtals [...] kr. Þar hefði hins vegar láðst að geta um þjónustuna „[...]“ og því næmi fjárhæð meints ofgreidds rekstrargjalds kr. [...], sbr. neðangreinda töflu:

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
	0,25%	0,20%	0,20%	0,20%	0,30%	0,30%	0,30%
Erlent reiki	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]					[...]	[...]	[...]
[...]					[...]	[...]	[...]
Samtals stofn	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Ofgreitt	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Samtals ofgreitt							[...]

2.7.2 Skattlagningarheimild PFS, skýring skattlagningarheimilda og sönnun

LOGOS vék fyrst að almennum sjónarmiðum varðandi skattlagningarheimildir PFS. Fram kom að innheimta PFS á rekstrargjaldi byggði á 4. mgr. 14. gr. PFSL. Óumdeilt væri að umrætt gjald teldist skattur í merkingu 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, en ótvírætt væri tekið af skarið með það í títtnefndum úrskurði YSKN nr. 80/2001. Um væri að ræða skatt sem lagður væri á og innheimtur af PFS, en skv. 13. mgr. 14. gr. PFSL gengi skattur sem þannig væri innheimtur óskiptur til PFS. Yrði þetta að teljast afar óheppilegt fyrirkomulag, sérstaklega þegar kæmi að því að ákvarða skattstofninn sem skatturinn væri lagður á, enda ljóst að PFS hefði hagsmuni af því að hann væri sem hæstur. Það væri því mikilvægt að PFS gætti vel að því að sá skattur sem stofnunin legði á rúmaðist innan skattlagningarheimilda stofnunarinnar.

Í málinu væri aðallega deilt um það hvaða rekstrartekjur tilheyrðu fjarskiptastarfsemi Símans hér á landi. Í boðunarbréfi sínu hefði PFS vikið að þessu skilyrði 4. mgr. 14. gr. PFSL. Kæmi þar m.a. fram að það væri mat PFS að þessi undanþága ætti aðeins við ef fjarskiptavirki hins íslenska fjarskiptafyrirtækis sem staðsett væru á Íslandi kæmu á engan hátt við sögu við umrædda tekjuöflun. Hér virtist vera um einhverja mistúlkun að ræða hjá PFS enda væri ljóst af orðalagi ákvæðisins að það fæli ekki í sér neina undanþágu. Á hinn bóginn væri það skilyrði þess að skattlagningarheimild skv. 4. mgr. 14. gr. laganna væri fyrir hendi að um bókfærða veltu væri að ræða í skilningi laganna vegna rekstrartekna af starfsemi fjarskiptafyrirtækis hér á landi.

Ennfremur bæri að geta þess að umrætt ákvæði gildi eingöngu um starfsemi íslenskra fjarskiptafyrirtækja. Þá mætti ljóst vera að íslensk fjarskiptafyrirtæki nýttu sína starfsemi og búnað til þess að veita viðskiptavinum sínum þjónustu hvort sem þjónustan væri veitt hér á landi eða erlendis. Þá þyrfti ekki að fjölyrða um að ákvæðið næði ekki til aðila sem eingöngu hefðu með höndum rekstur fjarskiptaþjónustu erlendis án nokkurra tengsla við Ísland enda færi um slíka starfsemi samkvæmt lögum þess lands þar sem slík starfsemi færi fram. Því hlýtu mörk ákvæðisins að miðast við það hvar þjónustan væri nýtt en ljóst væri að þjónustan yrði ekki nýtt annarsstaðar en þar sem kúnninn væri staddur.

Samkvæmt 40. gr., sbr. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar mætti engan skatt leggja á, né breyta, né taka af nema með lögum. Ennfremur mætti ekki fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Af framangreindu leiddi að léki vafi á því hvort skattlagningarheimild væri fyrir hendi skyldi heimildin skýrð þröngri skýringu, sbr. m.a. úrskurð yfirskattanefndar nr. 80/2001 þar sem m.a. kæmi fram að heimild til álagningar gjaldsins yrði að vera ótvírætt í einstökum tilvikum og bæri almennt að túlka allan vafa í því efni greiðanda gjaldsins í vil. Þetta ætti ekki einungis við um það hvort skattlagningarheimild væri fyrir hendi heldur einnig við skýringu á því hvaða tekjur skyldu teljast til skattsstofns. Væri vafi um það skyldi sá vafi því skýrður gjaldanda í vil.

Þá bæri að gera athugasemdir við þá „almennu sönnunarreglu“ sem PFS héldi fram um að þeim er það stæði næst bæri sönnunarbyrðina. Þessari sönnunarreglu bæri að vísa á bug

enda væri almenna reglan sú að sá sem héldi einhverju fram bæri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni en bæri ella hallann af því ef staðhæfing væri ósönnuð. Því hvíldi sú sönnunarbyrði á PFS að sýna fram á að umræddar tekjur væru af rekstri gjaldanda hér á landi.

Þess bæri að gæta í þessu sambandi að skýring skattlagningarheimilda í sérlægum væri nokkuð frábrugðin skýringum á skattlagningarheimildum laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Stafaði það af því að í skattframkvæmd hefði verið litið svo á að 7. gr. tekjuskattslaganna fæli í sér almenna heimild til skattlagningar allra tekna, en í framkvæmd hefði tekjuhugtak tekjuskattslaganna verið skýrt þannig að það tæki til allra tekna hverju nafni sem þær nefndust, sbr. t.d. úrskurð yfirsattanefndar nr. 93/2009. Önnur ákvæði tekjuskattslaganna fælu því ýmist í sér undanþágur eða nánari afmörkun á því hvað skyldi teljast til tekna. Þar með hvíldi sönnunarbyrðin gjarnan á skattaðila sem héldi því fram að tiltekin undanþága frá hinni almennu reglu 7. gr. tekjuskattslaganna ætti við. Þessu væri hins vegar farið með öðrum hætti þegar um væri að ræða skýringu skattlagningarheimilda í sérlægum, svo sem skýringu á því hvort skattlagningarheimild væri fyrir hendi skv. 4. mgr. 14. gr. PFSL, enda væri ekki deilt um það hvort hinir umdeildu þjónustuþættir teldust til tekna gjaldanda heldur hvort sú þjónusta sem tekjurnar hlytust af væri veitt hér á landi.

Með hliðsjón af framangreindu bæri að skýra skilyrði ákvæðisins þröngri skýringu, þ.m.t. það skilyrði að þjónusta væri veitt hér á landi, og bæri að skýra vafa um þetta gjaldanda í hag. Bæri jafnframt að hafna þeirri niðurstöðu PFS að skýra bæri þetta skilyrði skattlagningarheimildarinnar svo að öll þjónusta fjarskiptafyrirtækis teldist veitt hér á landi nema fjarskiptavirki þess sem staðsett væru á Íslandi kæmu á engan hátt við sögu við umrædda tekjuöflun, enda væri þessa hvergi getið í lögum né heldur lögskýringargögnum.

Þá mætti bæta því við að ef ætlun löggjafans hefði verið að til rekstrargjaldsstofns ætti að teljast öll velta fjarskiptafyrirtækis, þá hefði löggjafinn ekki sett það sem skilyrði fyrir skattlagningu að þjónustan færi fram hér á landi. Því bæri að virða þetta skilyrði og skýra það með viðhlítandi hætti, en ekki þannig að skattlagning skilaði sem mestu fyrir PFS eða yrði sem einföldust fyrir fámenna fagstofnun.

2.7.3 Reikiþjónusta erlendis og umferð til Íslands

Að mati Símans mynduðu tekjur af „reikiþjónustu erlendis“ ekki stofn til rekstrargjalds enda væri um að ræða þjónustu sem viðskiptavinir félagsins notuðu sem staddir væru í öðru landi. Þá væru fjarskiptanet erlendra fyrirtækja notuð til þess að veita þjónustuna. Jafnframt væri ljóst að þegar viðskiptavinur sem staddur væri erlendis nýtti sé þjónustuna til þess að hringja í erlent símanúmer kæmu fjarskiptavirki gjaldanda þar hvergi við sögu. Þegar viðskiptavinur hringdi í gegnum reikiþjónustu erlendis í íslenskt númer væri það símtal meðhöndlað af erlendu fjarskiptafyrirtæki þar sem viðskiptavinur væri staddur og kæmi til Íslands í gegnum útländagátt Símans (eða eftir atvikum annars íslensks fjarskiptafyrirtækis) og væri því ekki frábrugðið öðrum erlendum símtölum til landsins.

Sú þjónusta sem hér um ræddi væri þjónusta sem nefnd væri „Umferð til Íslands“ og ljóst væri að slík þjónusta yrði ekki veitt hér á landi.

PFS væri hins vegar á þeirri skoðun að ótækt væri að líta svo á að símtöl viðskiptavina Símans sem ættu sér stað erlendis væri ekki fjarskiptaþjónusta sem veitt væri hér á landi og vísaði m.a. til úrskurðar YSKN nr. 80/2001. Líta bæri til þess að í umræddum úrskurði væri ekki fjallað um það hvort þjónusta teldist veitt hér á landi eða erlendis, heldur hvað teldist til leyfisbundinnar starfsemi. Þá hefði PFS jafnframt vikið að því hvort frádráttur kostnaðar væri heimill við útreikning skattstofns. Í málinu hefði hins vegar ekki verið deilt um það hvort þjónusta sú sem gjaldandi veitti erlendis teldist til leyfisbundinnar starfsemi eða fjarskiptastarfsemi heldur væri því haldið fram að tiltekin þjónusta væri ekki veitt hér á landi heldur erlendis. Enga umfjöllun væri hins vegar að finna um það atriði í ofangreindum úrskurði.

Eins og fram kæmi í boðunarbréfi PFS gæti viðskiptavinur Símans aðeins nýtt sér viðkomandi þjónustu ef hann væri í námunda við erlendan samstarfsaðila félagsins. Síminn gæti því aðeins nýtt sér þessa þjónustu þegar hann væri annars staðar en hér á landi. Þegar af þeirri ástæðu væri ljóst að þjónustan væri ekki veitt hér á landi. Þær staðreyndir að viðkomandi viðskiptavinur fengi úthlutað símanúmeri frá Símanum, gæti hringt úr því númeri erlendis fyrir tilstilli samstarfssamninga milli félagsins og erlendra samstarfsaðila hans og fengi símareikning frá félaginu, væru einungis vísbendingar um það að viðkomandi aðili væri viðskiptavinur félagsins og að Síminn hefði gert samstarfssamninga við erlenda aðila til þess að geta veitt viðskiptavinum sínum þjónustu erlendis. Enda þótt Síminn væri íslenskt fjarskiptafyrirtæki væri ekki þar með sagt að öll þjónusta sem félagið veitti viðkomandi viðskiptavinum væri veitt hér á landi.

Því næst hefði PFS vísað til umfjöllunar í úrskurði YSKN nr. 80/2001 þar sem vikið væri að tekjum vegna jarðstöðva í Noregi. Þessu atriði hefði verið vísað frá með þeirri athugasemd að fjarskiptaþjónusta gæti talist veitt hér á landi þótt fjarskipti færu fram um erlent fjarskiptavirki, svo sem við ætti um símtöl til útlanda. Í þessu sambandi væri rétt að benda á að símtöl til útlanda, frá Íslandi, væri þjónusta sem mögulegt væri að nýta sér hér á landi og væri því ekki gerð sérstök athugasemd við þá staðhæfingu yfirskattanefndar að þessi möguleiki væri til staðar. Á hinn bóginn yrði jafnframt að líta til þess að ekki væri nánar fjallað um þetta atriði í umræddum úrskurði og gæfi þessi umfjöllun nefndarinnar ekki tilefni til að draga víðtækari ályktanir af henni en það sem þar kæmu fram. Sú þjónusta Símans sem hér væri til umfjöllunar væri aftur á móti þjónusta sem ekki væri hægt að nýta annars staðar en erlendis og yrði hún því eingöngu veitt viðskiptavinum félagsins erlendis. PFS hefði talið það skipta mestu máli í þessu sambandi að um væri að ræða viðskiptavinum sem ættu í samningssambandi við Símann og umrædd viðskipti væru stunduð í nafni og á ábyrgð félagsins. Þá væri Símanum kleift að bjóða upp á umrædda þjónustu þar sem félagið væri skráð á Íslandi sem fjarskiptafyrirtæki og nyti réttinda og bæri skyldur samkvæmt því. Ekkert af framangreindu gæfi þó vísbendingu um það hvort umrædd þjónusta væri veitt hér á landi eða erlendis.

Hafa yrði í huga við mat á því hvort þjónusta teldist veitt hér á landi að gjaldtökuheimildir laga nr. 69/2003 giltu ekki um erlend félög sem hefðu með höndum fjarskiptaþjónustu erlendis. Sem dæmi sem PFS hefði nefnt í boðunarbréfi sínu sem tilvik þar sem þjónusta teldist ekki veitt hér á landi í skilningi 4. mgr. 14. gr. laganna, þ.e. þegar þjónusta væri veitt í erlendu dótturfélagi fjarskiptafyrirtækis, væri því rökleysa þar sem lög nr. 69/2003 myndu yfir höfuð ekki gilda um slíkt dótturfélag, enda myndu lög þess lands þar sem slíkt félag væri skráð væntanlega gilda um starfsemi þess. Þá væri þess hvergi getið í lögum að þjónusta skyldi eingöngu teljast veitt erlendis ef fjarskiptavirki sem staðsett væru á Íslandi kæmu þar á engan hátt við sögu en að öðrum kosti skyldi þjónusta teljast veitt hér á landi.

Með vísan til framangreinds og þeirrar meginreglu íslensks réttar að túlka bæri allan vafa um efni skattlagningarheimilda gjaldanda í hag yrði að líta svo á að tekjur gjaldanda af reikiþjónustu erlendis teldust falla utan gjaldstofns til rekstrargjalds.

2.7.4 Þjónusta [...]

Síminn væri þeirrar skoðunar að svokölluð [...] þjónusta félli utan gjaldstofns til rekstrargjalds, en þar væri um að ræða þjónustu sem veitt væri [...]. Í boðunarbréfi PFS hefði þess sérstaklega verið getið að umrædd þjónusta væri starfrækt um fjarskiptanet félagsins með íslenskum [...]. Í bréfi PFS til Símans, dags. 23. nóvember 2006, segði hins vegar:

„[...]”

Í bréfinu kæmi því fram að kóðinn væri veittur gjaldanda eingöngu til notkunar fyrir GSM þjónustu sem gjaldandi veitti [...].

Af framangreindu væri ljóst að þjónustan yrði hvergi veitt nema [...]. Með sömu rökum og áður hefðu verið rakin í tengslum við reikiþjónustu erlendis yrði að telja að þessi þjónusta félli utan gjaldstofns til rekstrargjalds. Skipti engu í því sambandi hvort þeir aðilar sem nýttu sér þjónustuna teldust viðskiptavinir Símans eða hvort félagið nýtti fjarskiptabúnað sinn sem staðsettur væri hér á landi til að veita umrædda þjónustu á alþjóðlegum hafsvæðum.

2.7.5 [...]

Það sama ætti við um tekjur af svokallaðri [...] og áður hefði komið fram hér að ofan. Í boðunarbréfi PFS hefði komið fram að [...] viðskiptavinur Símans keypti slíka þjónustu, [...]. Í þessu sambandi mætti geta þess að í [...].

Þjónustan væri þannig veitt [...]. Því væri ekki mótmælt af hálfu Símans að félaginu væri þetta eingöngu mögulegt þar sem það væri skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi. Það bæri hins vegar að ítreka í þessu sambandi að gjaldtökuheimildir laga nr. 69/2003 tækju einungis til skráðra fjarskiptafyrirtækja á Íslandi. Því hefði verið óþarfi að setja það að skilyrði í 4. mgr. 14. gr. að þjónusta væri veitt hér á landi ef orðasambandið „hér á landi“

ætti að skýra þannig að öll þjónusta sem veitt væri af skráðu fjarskiptafyrirtæki á Íslandi teldist veitt hér á landi.

2.7.6 Niðurlag

Með hliðsjón af ofangreindu mætti ljóst vera að Síminn hefði frá árinu 2002 talið til gjaldstofns rekstrargjalds tekjur af þjónustu sinni sem veitt hefði verið erlendis og uppfyllti þar með ekki skilyrði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um að til bókfærðrar veltu skyldi aðeins teljast rekstrartekjur af fjarskiptaþjónustu sem veitt væri hér á landi. Það sjónarmið PFS að tæknileg úrfærsla þess hvernig þjónustan væri veitt eða um hvaða fjarskiptavirki hún færi gæti skipt sköpum við mat á því hvort þjónustustarf teldist veitt hér á landi eða erlendis ætti sér ekki stöð í lögum né heldur lögskýringargögnum og fengi því ekki staðist þær grundvallarreglur íslensks réttar að stjórnvöldum skyldi ekki fengið skattlagningarvald og að við skýringu á heimildum til skattlagningar skyldi skýra vafa gjaldanda í vil.

III

Forsendur og niðurstaða

3.1 Rekstrargjaldsstofn, skattlagningarheimild og sönnun

Í máli þessu snýr ágreiningurinn að því hvaða rekstrartekjur tilheyra *fjarskiptastarfsemi Símans hér á landi*. Þær tekjur sem félagið telur nú að heyri ekki undir rekstrargjaldsstofn höfðu fram til þess tíma er erindi Símans barst PFS í nóvember 2009 verið teknar með í álagningu rekstrargjalds á félagið í samræmi við skattframtöl þess árum saman. Í máli þessu verður úr því skorið hvort endurgreiðslukrafa félagsins eigi rétt á sér.

Í athugasemdum LOGOS er vitnað til 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar varðandi skýringu skattlagningarheimilda. Að mati LOGOS kemur þar m.a. fram að allur vafi skuli skýrður gjaldanda í vil, skattaákvæði skuli skýrð þröngri skýringu að stjórnvöld hafi ekki skattlagningarvald. PFS hafnar því að stofnunin taki sér skattlagningarvald með því að skýra ákvæði 4. mgr. 14. gr. PFSL. Skattaákvæði þarf að skýra eins og önnur lagaákvæði og þurfa skattyfirvöld íðulega að túlka ákvæði skattalaga í starfsemi sinni. Hins vegar er það rétt hjá LOGOS að til séu almennar meginreglur varðandi skýringu íþyngjandi lagaákvæða eins og skattalaga, m.a. að vafi skuli skýrður gjaldanda í hag, sé hann á annað borð fyrir hendi. PFS er hins vegar ekki sammála LOGOS um að skattalagaákvæði skuli ávallt skýrð þröngt. Meginreglan er sú að skattalagaákvæði beri almennt að skýra samkvæmt orðanna hljóðan eins og önnur ákvæði. Hins vegar geta rök frekar hnigið að því að skýra óskýr íþyngjandi lagaákvæði þröngt fremur en rúmt. Til þess að ofangreindar skýringarreglur sem LOGOS vitnar til komi til álita verður vafi um skýringu að vera fyrir hendi og skattlagningarheimild að vera óskýr. Eins og fram kemur hér síðar telur PFS svo ekki vera.

Í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, er að finna ákvæði um gjaldstofn til rekstrargjalds. Þar kemur fram að fjarskiptafyrirtæki skuli árlega greiða PFS

rekstrargjald sem nemur 0,30% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af *fjarskiptastarfsemi* sinni hér á landi.

Hugtakið *fjarskiptastarfsemi* er ekki skilgreint í fjarskiptalögum nr. 81/2003. Í 1. mgr. 1. gr. laganna segir að lögin gildi um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet. Samkvæmt þessu má gagnálykta á þá leið að lögin gilda ekki um rekstrartekjur af virðisaukandi þjónustu fjarskiptafyrirtækja né um tekjur af þeirri starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem er fjarskiptastarfsemi óviðkomandi. Í 3. gr. fjarskiptalaga er að finna orðskýringar. Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim orðskýringum sem hér geta skipt máli.

Fjarskipti er hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

Fjarskiptafyrirtæki er sá aðili sem tilkynnt hefur PFS um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

Fjarskiptaþjónusta er þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.

Fjarskiptanet er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennilínnum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

PFS lítur svo á að hugtakið *fjarskiptastarfsemi* taki bæði til reksturs *fjarskiptaþjónustu* og *fjarskiptanets*. Fjarskiptastarfsemi er því víðtækari en svo að einungis sé átt við rekstur fjarskiptaþjónustu, eins og Síminn virðist telja með því að einblína á það hvar þjónustan er veitt endanotanda en ekki hvaða fjarskiptanet eru notuð að hluta eða öllu leyti til að veita þjónustuna. Umrætt ákvæði er ekki orðað þannig að áherslan skuli vera á staðsetningu endanotanda hverju sinni heldur að um sé að ræða *rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi*. Þannig verður að telja að undir fjarskiptastarfsemi falli einnig *rekstur fjarskiptaneta*. Undir þennan skilning PFS hefur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála tekið í úrskurði nr. 3/2009 (*Snerpa ehf. Hringiðan ehf. og Tölvun ehf.*).

Samkvæmt orðanna hljóðan gildir ákvæði 4. mgr. 14. gr. PFSL einungis um *rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af fjarskiptastarfsemi á Íslandi*. Því ber ekki að greiða rekstrargjald af rekstrartekjum fjarskiptafyrirtækja sem aflað er utan Íslands, þ.e. ef *starfsemin* fer ekki fram hér á landi að neinu leyti. Slíkt væri að mati PFS augljóst ef fjarskiptastarfsemi íslensks fjarskiptafyrirtækis færi fram í öðru ríki Evrópu, á grundvelli staðfesturéttar, um þarlend fjarskiptavirki í umráðum hins íslenska fjarskiptafyrirtækis þar sem fjarskiptavirki hins íslenska fjarskiptafyrirtækis sem staðsett eru hér á landi eru ekki nýtt til tekjuöflunarinnar að hluta til eða öllu leyti. Einnig mætti hugsa sér tekjur íslensks fjarskiptafyrirtækis af ýmsum samvinnuverkefnum með erlendum fjarskiptafyrirtækjum þar sem fjarskiptastarfsemin fer ekki fram um hið innlenda fjarskiptakerfi fyrirtækisins. Sama má segja um tekjur sem stafa af

fjarskiptastarfsemi útibús eða dótturfélags íslensks fjarskiptafyrirtækis erlendis sem ekki nýtir hið innlenda fjarskiptakerfi félagsins. Það er því ekki rétt hjá LOGOS að PFS telji að öll velta fjarskiptafyrirtækis þurfi að vera rekstrargjaldsskyld hér á landi.

Að mati PFS falla tekjur að þessu leyti aðeins utan rekstrargjaldsstofns ef fjarskiptavirki hins íslenska fjarskiptafyrirtækis sem staðsett eru á Íslandi koma á engan hátt við sögu við umrædda tekjuöflun, eins og nánari grein verður gerð fyrir hér að neðan. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að rekstrartekjur af *fjarskiptastarfsemi* samanstanda bæði af fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta, eins og úrskurðarnefnd hefur staðfest, og getið var um hér að ofan. Andmæli Símans byggjast fyrst og fremst á því að um tekjur af *fjarskiptaþjónustu* erlendis sé að ræða, þ.e. að þjónustan sé veitt endanotanda sem staddur er erlendis, án þess að því sé mikill gaumur gefinn að *fjarskiptanet* félagsins hér á landi séu nýtt til umræddrar tekjuöflunar. Það er í þó í raun viðurkennt í bréfi LOGOS að til að veita umrædda fjarskiptaþjónustu séu innlend fjarskiptanet félagsins notuð, þótt því sé mótmælt að slíkt hafi í för með sér skattskyldu. Samkvæmt ofangreindu hafnar PFS þeirri lögskýringu Símans og LOGOS að mörk ákvæðisins miðist við það hvar þjónustan er nýtt af endanotanda. Þvert á móti telur PFS ekki skipta máli hvar viðskiptavinur félagsins er staddur þegar hann nýtir sér þjónustuna svo fremi sem fjarskiptanet félagsins innanlands er notað að hluta til eða öllu leyti við veitingu þjónustunnar.

Þess má geta að skilgreining rekstrargjaldsstofnsins í ofangreindu ákvæði er nokkuð óvenjuleg miðað við það sem við á í lögum um tekjuskatt. Við ákvörðun skattstofnsins er aðeins tekið tillit til tekna gjaldanda, þ.e. gjöld koma ekki til frádráttar við ákvörðun skattstofns. Þetta er frábrugðið ákvörðun tekjuskattstofns rekstraraðila samkvæmt tekjuskattslögum þar sem tekið er tillit til gjalda þannig að skattlagning fer fram á grundvelli nettó tekna. Að því er varðar rekstrargjaldið þá fer skattlagning hins vegar fram á grundvelli brúttó tekna (heildartekna). Um sönnunarbyrði fyrir því hvort ákveðnir tekjuliðir falli undir rekstrargjaldsstofninn eður ei skal miða við almennar sönnunarreglur, þ.e. þeim er það stendur næst ber sönnunarbyrðina, og hafa ber hliðsjón af stjórnsýslulögum og reglum stjórnsýsluréttar, sbr. t.d. bls. 70 í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2006.

LOGOS gerði athugasemdir við ofangreinda sönnunarreglu sem úrskurðarnefnd orðaði og taldi það almennu regluna að sá sem héldi einhverju fram bæri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni en bæri ella hallann af því ef staðhæfing væri ósönnuð. Því bæri PFS að sýna fram á að umræddar tekjur væru af rekstri Símans hér á landi. Þó svo PFS sé ekki sammála ofangreindri staðhæfingu LOGOS varðandi sönnun, m.a. vegna ofangreinds fordæmis úrskurðarnefndar, telur stofnunin ekki ástæðu til að gera athugasemd við hana í máli þessu. Stofnunin telur einfaldlega ekki að sönnunarskortur sé fyrir hendi í málinu. Það hefur verið viðurkennt af hálfu Símans og LOGOS að *fjarskiptanet* Símans sé notað a.m.k. að hluta til við veitingu ofangreindrar fjarskiptastarfsemi til viðskiptavina Símans. Samkvæmt ofangreindu (og nánari umfjöllun um hvern þjónustuþátt hér að neðan) er það mat PFS að sú staðreynd sé ráðandi við skýringu umrædds ákvæðis og því séu umræddar tekjur rekstrargjaldsskyldar.

Úrskurðarnefnd hefur einnig slegið því föstu að hugsunin að baki rekstrargjaldinu hefði verið sú að um væri að ræða einfaldan brúttóskatt með lágri skattprósentu⁴. Væntanlega var þetta gert til að framkvæmdin yrði einföld fyrir bæði fjarskiptafyrirtækin og fámenna fagstofnun og ágreiningsmál um skattstofninn í lágmarki. Hafa verður þetta í huga við skýringu ákvæðisins. PFS er sammála LOGOS um það að skýra beri umrætt ákvæði með viðhlítandi hætti en hafnar því með öllu að það hafi verið ráðandi þáttur við lögskýringu PFS að skattlagningin skilaði sem mestu fyrir fámenna stofnun eins og PFS.

LOGOS gagnrýnir einnig að umrætt rekstrargjald gangi óskipt til PFS, sbr. 13. mgr. 14. gr. PFSL og telur það óheppilegt fyrirkomulag að stofnunin leggi á og innheimti skattinn sjálf. Þá veltir LOGOS því fyrir sér hvort stofnunin hafi hag af því að hafa skattinn sem hæstan. Því er til að svara að PFS hefur ekkert með það að gera hvernig löggjafinn hefur ákveðið að skipa málum varðandi álagningu og innheimtu rekstrargjalds. Stofnunin leitast við að starfa eftir gildandi lögum á hverjum tíma í hvívetna. Ákvarðanir PFS varðandi álagningu rekstrargjalds eru kærarlegar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, auk þess sem gjaldendur geta skotið ákvörðunum stofnunarinnar til dómstóla. Gjaldendur eru því varðir fyrir ómálefnalegum og/eða röngum ákvörðunum stofnunarinnar. Þá er það heldur ekki rétt að stofnunin hafi sérstakan hag af því að hafa skattinn sem hæstan þar sem stofnunin fær úthlutað tilteknum fjárheimildum á fjárlögum á ári hverju og er ekki heimilt að ráðstafa meiru fé en þar kemur fram. Þær aðstæður geta skapast að endurmeta þurfi fjárhæð rekstrargjaldspróscentunnar en slíkt verður að sjálfsögðu aðeins gert með lagabreytingu og er ekki á forræði PFS. Slíkar lagabreytingar hafa átt sér stað nokkrum sinnum á síðustu árum. Fyrir PFS vakir eingöngu að leggja á rekstrargjald með réttum hætti.

Við skýringu umrædds ákvæðis má einnig hafa það í huga að tilgangur álagningar rekstrargjalds er að standa straum af kostnaði PFS við eftirlit stofnunarinnar með fjarskiptum, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanetum, en slíkt er í samræmi við heimildatilskipunina nr. 2002/20/EB. Eftirlit PFS með fjarskiptaþjónustu Símans til viðskiptavina sinna sem staddir eru erlendis og nýtir fjarskiptanet félagsins hér á landi (að hluta til eða öllu leyti) er það sama og ef viðkomandi viðskiptavinur væri staddur hér á landi, jafnvel meira vegna eftirlits með verðlagningu alþjóðlegrar reikiþjónustu. Ankannaleg staða myndi skapast ef hið gagnstæða myndi gilda, t.d. ef Síminn myndi alfarið snúa sér að þjónustu við aðila utan Íslands en nota til þess fjarskiptanet sitt hér á landi og samtengisamninga við erlenda aðila. Síminn myndi þá ekkert rekstrargjald greiða en eftirlit PFS væri svipað og ella. Fjarskipti eru því marki brennd að þau tengjast saman á alþjóðavísu. Því er eðlilegt að fjarskiptafyrirtæki lúti eftirliti og greiði rekstrargjald til þess eftirlitsstjórnvalds þar sem meginfjarskiptanet félagsins er staðsett, sé það á annað borð notað að hluta til eða öllu leyti við veitingu viðkomandi þjónustu.

⁴ Þessi skilningur PFS var staðfestur í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2006 á bls. 67. Þar segir: „Gjaldið var ákveðið sem lág prósentu af bókfærðri veltu fyrirtækjanna. Má leiða líkur að því að helst hafi ráðið þeirri ákvörðun vilji til þess að innheimta á gjaldinu væri sem einföldust.“

3.2 Reikiþjónusta erlendis – Umferð til Íslands

Síminn telur að tekjur af svokallaðri „reikiþjónustu erlendis“ myndi ekki stofn til rekstrargjalds. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í upphaflegu erindi félagsins er hér um að ræða reikiþjónustu sem viðskiptavinir Símans nota sem staddir eru erlendis. Því sé um að ræða fjarskiptaþjónustu sem veitt er í öðru landi en Íslandi. Til þess að veita þjónustuna séu notuð fjarskiptanet erlendra fyrirtækja og því sé augljóst að ekki geti hér verið um að ræða fjarskiptaþjónustu *hér á landi*. Erlenda farsímafyrirtækið mælir símtalið, gjaldfærir það og sendir síðan færsluna til Símans sem kemur færslunni á reikning. Þjónustan er því að mati Símans alfarið veitt utan Íslands og tekjufærslan verður að öllu leyti til erlendis.

Í úrskurði YSKN nr. 80/2001 reyndi á ýmis atriði varðandi rekstrargjaldsstofn forvera Símans. Þar kærði félagið álagningu skattstjóra vegna rekstrarársins 1997 til skattstjóra. Félagið hélt því m.a. fram að tekjur í formi gjalda og þóknana sem félagið innheimti fyrir aðra aðila (t.d. samtengigjöld til annarra fjarskiptaþyrirtækja) mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds. Hluti annars kerfis eða fyrirtækis gæti verið innifalinn í símreikningi. Almennar reikningsskilareglur mæltu oftast fyrir um að hlutdeild hins aðilans væri færð sem kostnaður á móti gjöldum. Þó væru mörg dæmi þess að skattareglur væru aðrar en almennar reikningsskilareglur. Við ákvörðun á stofni til rekstrargjalds væri að mati Símans eðlilegt að túlka hugtakið „velta“ þröngt í samræmi við viðurkennd lögskýringarsjónarmið í skattarétti þannig að hugtakið tæki einungis til „eiginlegra“ rekstrartekna leyfishafa.

Síminn vék nánar að tekjum félagsins af símtölum sem færu milli samtengdra neta og taldi nauðsynlegt við ákvörðun gjaldstofns til rekstrargjalds að gera greinarmun á símtölum í eigin og sama fjarskiptakerfi og símtölum sem skiptust á milli kerfa. Að öðrum kosti gætu tekjur af sama símtali verið *tvítaldar* með stofni til rekstrargjalds sem væri andstætt almennum skatt- og gjaldtökusjónarmiðum. Sem dæmi um símnotkun af þessu tagi mætti nefna að með tekjum af farsímaþjónustu væri færð notkun í hið almenna talsímakerfi þegar farsímanotandi hringdi í það kerfi. Þessi sama notkun væri einnig færð til tekna hjá hinu almenna talsímakerfi. Sama gilti þegar notandi í almenna talsímakerfinu hringdi í farsímanotanda. Ennfremur ætti sama við um notkun eða símtöl sem færu milli kerfa Símans og innlendra samkeppnisaðila og símtöl milli kerfa Símans og *erlendra símkerfa*. Þá sagði í orðrétt í kærðu Símans til skattstjóra:

„Þannig er einkaréttarnotkun í NMT-farsímakerfinu samtals ... kr. og í GSM-farsímakerfinu ... kr. Farsímanotkun í almenna talsímakerfinu vegna GSM nemur ... kr. og vegna NMT ... kr. Þá nemur notkun í öllum símakerfunum þremur sem tekjufærðar eru hjá Pósti & síma hf. en *tilheyra erlendum símakerfum* og skilað er til þeirra samtals ... kr. Með sama hætti er tekjufærð hjá Póst & síma hf. notkun á gagnaneti *sem tilheyrir erlendum aðilum* og skilað er til þeirra samtals ... kr. ... Félagið gerir kröfu um að gjaldskyld velta lækki um ofangreindrar fjárhæðir eða samtals ... kr.“ (leturbr. undirritaðs)

Í úrskurði sínum komst YSKN að þeirri niðurstöðu að telja yrði tekjur af ofangreindri þjónustu *að öllu leyti* tekjur í hendi Símans sem féllu undir stofn til rekstrargjalds,

burtséð frá því hvort Síminn þyrfti að greiða innlendum eða erlendum aðilum hlutdeild í þeim. Vísaði nefndin m.a. til ákvæða þágildandi fjarskiptalaga um samtengingu fjarskiptaneta. Þá segir orðrétt á bls. 14:

*„ ... er rekstrargjald lagt á bókfærða veltu rekstrarleyfishafa, þ.e. rekstrartekjur sem hann hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi. Eins og umboðsmaður kæranda hefur rakið *rennur greiðsla símnotanda fyrir símtal, sem fer um samtengt fjarskiptanet kæranda og annars fjarskiptafyrirtækis, til kæranda sjálfs,* þ.e.a.s. í þeim tilvikum þegar símtal á upphaf sitt í fjarskiptaneti kæranda. Skilja verður kærðu umboðsmanns til skattstjóra þannig að í samræmi við almennar reikningsskilareglur hafi greiðslur þessar verið bókfærðar sem rekstrartekjur kæranda. Um uppgjör kæranda við samtengingaraðila vegna slíkrar fjarskiptaþjónustu hefur ekki annað komið fram af hálfu kæranda en að félagið skili samtengingaraðila hans hluta „samkvæmt samningum“, sem skilja verður svo að greiðsla til samtengingaraðila vegna notkunar á neti hans ráðist af samningi hans við kæranda. Taka verður undir með skattstjóra að miðað við þessa lýsingu á umræddum viðskiptum og með hliðsjón af meðferð tekna vegna símtala, sem fara um samtengt fjarskiptanet félagsins við annað fjarskiptafyrirtæki, í reikningsskilum kæranda, *verður að telja að tekjur af þessari þjónustu teljist að öllu leyti tekjur í hendi kæranda sem falla undir stofn til rekstrargjalds* eins og sá stofn er markaður í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 147/2003. ... Er kröfu kæranda varðandi þetta kærutriði því hafnað.“ (leturbr. undirritaðs)*

Samkvæmt ofangreindu er að mati PFS ljóst að ákvæði 4. mgr. 14. gr. PFSL um rekstrargjald á við þegar um er að ræða samtengitekjur sem Síminn innheimtir fyrir og skilar til innlendra sem erlendra gagnaðila að samtengisamningum. Þetta á við um tekjur af öllum símtölum sem eiga uppruna sinn í kerfum Símans, lýkur í kerfum félagsins eða eru með einhverjum hætti umflutt um kerfi félagsins hér á landi, en hér er um að ræða heildsöluviðskipti og uppgjör þeirra. Skiptir þá ekki máli hvort viðkomandi viðskiptavinur Símans er staddur hér á landi eða erlendis þegar hann hringir úr símanúmeri félagsins og nýtir sér þannig þjónustu félagsins og fjarskiptanet þess, e.t.v. fyrir tilstuðlan erlenda fjarskiptaneta í kjölfar samtengisamninga Símans við viðkomandi rekstraraðila erlendis.

Að mati PFS er ótækt að líta svo á að símtöl viðskiptavina Símans sem eiga sér stað erlendis feli ekki í sér rekstrartekjur af *fjarskiptastarfsemi* félagsins hér á landi. Skiptir þá mestu máli það sem rakið var í kafla 3.1 hér að ofan að fjarskiptastarfsemi felst ekki einungis í veitingu fjarskiptaþjónustu heldur einnig rekstri fjarskiptaneta og að sú skýring Símans á ákvæði 4. mgr. 14. gr. PFSL, að mestu máli skipti hvar þjónustan er veitt endanotanda, telst ekki viðhlítandi. Það er óumdeilt í málinu að Síminn notar fjarskiptanet sín hér á landi, ásamt samtengdum erlendum fjarskiptanetum, til að veita umrædda þjónustu. Ljóst er að viðskiptavinur Símans er með símanúmer sem hann hefur fengið úthlutað af félaginu og í tengslum við samtengisamninga þess við erlenda aðila getur viðkomandi hringt úr umræddu númeri ef hann er í námunda við slíkan erlendan samstarfsaðila Símans. Viðkomandi á ekki í neinu samningssambandi við hinn erlenda samstarfsaðila Símans heldur fær hann reikning frá Símanum fyrir alla notkun sína, burtséð frá því hvort símtalið á sér stað á Íslandi eða erlendis, auk þess sem hann hefur samband við Símann varðandi kvartanir og aðra þjónustu. Umrædd viðskipti eru stunduð í nafni og á ábyrgð Símans sem er fjarskiptafyrirtæki skráð á Íslandi og ber þess vegna

skyldur og nýtur réttinda sem slíkt. Meðal skyldna félagsins er að greiða rekstrargjald af fjarskiptastarfsemi sinni.

Þess má einnig geta að ef hringt er úr einum íslenskum farsíma í annan í útlöndum greiðir sá sem hringir fyrir símtal til Íslands og sá sem hringt er í fyrir símtal frá Íslandi til viðkomandi lands. Símtalið fer semsagt fyrst til Íslands og svo til útlanda eins og um millilandasímtal sé að ræða.

Í ofangreindu máli fór Síminn einnig fram á að tekjur af jarðstöðvum í Noregi væru undanþegnar stofni til rekstrargjalds. Fram kom í kæru félagsins að um væri að ræða endurgreiddan kostnað og tekjur vegna jarðstöðva í Noregi. Skattstjóri hafnaði kröfu Símans með vísan til þess að ekki yrði annað ráðið en að meginstofni til hefðu verið um að ræða tekjur eða hlutdeild í arði vegna samrekstrar á eign, sem nýtt hefði verið til sölu á fjarskiptaþjónustu, þ.e. rekstrarleyfisskyldri starfsemi. Í kæru til YSKN ítrekaði Síminn sjónarmið og benti á að í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 147/1996 væri tekið fram að rekstrargjald skyldi einungis greiða af leyfisbundinni starfsemi hér á landi. Þegar af þeirri ástæðu væru umræddar tekjur vegna jarðstöðva Símans í Noregi undanþegnar gjaldinu þar sem þær yrðu til erlendis.

Í úrskurði YSKN kom fram að af hálfu kæranda hefði takmörkuð grein verið gerð fyrir umræddum tekjum. Einungis hefði komið fram að um væri að ræða eignatekjur og endurgreidda fjárfestingu. Eins og þetta kæratriði lægi fyrir yrði að ganga út frá því að hinar umdeildu tekjur af jarðstöðvum væru *a.m.k. að einhverju marki til komnar vegna sölu á fjarskiptaþjónustu* í skilningi fjarskiptalaga, svo sem skattstjóri hefði álitid. Virtist litið svo á af hálfu kæranda að sú staðreynd, að um jarðstöðvar í Noregi hefði verið að ræða, hefði í för með sér að ekki gæti verið um leyfisbundna starfsemi hér á landi að ræða. Síðar segir orðrétt:

„Af þessu tilefni skal tekið fram að *fjarskiptaþjónusta getur talist veitt hér á landi þótt fjarskipti fari um erlent fjarskiptavirki*, svo sem við á um símtöl til útlanda. Kærandi hefur enga grein gert fyrir starfsemi þeirra jarðstöðva sem í málinu greinir *né fært haldbær rök fyrir því að notkun Símans á stöðvunum á árinu 1997 hafi ekki verið liður í leyfisbundinni starfsemi félagsins hér á landi*. Þykir þetta kæratriði í þeim mæli vanreifað af hálfu kæranda að vísa verður kröfu kæranda frá yfirskattanefnd að svo stöddu.“ (leturbr. undirritaðs)

Að mati PFS styður ofangreint atriði framangreinda afstöðu PFS, þ.e. að fjarskiptaþjónusta getur talist veitt hér á landi þótt fjarskipti fara um erlent fjarskiptavirki að hluta. Hér skiptir mestu máli að notkun fjarskiptanets félagsins hér á landi myndar rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi félagsins hér á landi og um er að ræða viðskiptavinum sem eiga í samningssambandi við Símann sem stundar umrædd viðskipti í eigin nafni og á eigin ábyrgð. Símanum er kleift að bjóða upp á umrædda þjónustu þar sem félagið er skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og nýtur réttinda og ber skyldur samkvæmt því. Viðskiptavinur Símans greiðir Símanum síðan símreikning sem félagið gefur út, bæði hvað varðar símtöl sem eiga sér stað innanlands og erlendis. Þarna er um að ræða smásöluþjónustu sem gefur af sér virðisauka ofan á heildsölugjöld þau sem Síminn stendur hinu erlenda félagi skil á. Hlutur hins erlenda aðila er því eins og hver önnur

aðföng í rekstri Símans en þar er um heildsöluviðskipti er að ræða. Til tekjuskatts eru slík aðföng dregin frá sem kostnaður á móti tekjum en slíkt á ekki við um brúttóskatt þann sem rekstrargjaldið er.

PFS mótmælir sérstaklega þeirri staðhæfingu LOGOS að þegar viðskiptavinur Símans sem staddur er erlendis nýtir sér þjónustu Símans til þess að hringja í erlent símanúmer þá komi fjarskiptavirki Símans þar hvergi við sögu. Þetta er rangt eins og glöggst hefur komið fram í ofangreindri umfjöllun. Auk þess er staðhæfing þessi ekki í samræmi við aðrar staðhæfingar LOGOS og Símans í málinu að fjarskiptanet félagsins á Íslandi séu vissulega notuð, a.m.k. að hluta til, við veitingu umræddrar þjónustu.

Samkvæmt öllu ofangreindu hafnar PFS kröfu Símans um endurgreiðslu á meintu ofgreiddu rekstrargjaldi vegna „reikiþjónustu erlendis“ og „umferð til Íslands“.

3.3 Þjónusta [...]

Síminn telur að tekjur af svokallaðri [...] þjónustu myndi ekki stofn til rekstrargjalds. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í upphaflegu erindi félagsins er hér um að ræða bókfærða veltu vegna þjónustu sem [...] veitti. Þjónustan er veitt [...]. Sú þjónusta gæti því ekki talist veitt hér á landi. Á síðari stigum málsins kom fram að um væri að ræða GSM farsímabjónustu [...].

PFS kallaði eftir afriti af einum samningi sem væri lýsandi fyrir tilhögun umræddrar þjónustu. Samningurinn sem barst PFS var hefðbundinn, staðlaður alþjóðlegur reikisamningur á milli Símans og [...].

Í viðauka [...] við ofangreindan reikisamning, sem undirritaður hefði verið í [...], er fjallað um umrædda [...] þjónustu Símans. Viðaukinn ber heitið [...]. Fram kom að um sé að ræða viðauka við gildandi [...]. Síminn skal m.a. tryggja SMT og viðskiptavinum þess félags [...] þjónustu. Í viðhengi við ofangreindan viðauka [...] kemur m.a. fram varðandi [...] að viðeigandi kóði þjónustunnar sé [...].

Í ofangreindu boðunarbréfi PFS kom fram að umrædd [...] þjónusta Símans væri starfrækt um fjarskiptanet Símans á Íslandi með íslenskum [...]. Símtöl í [...] þjónustu Símans færu ávallt um hið íslenska fjarskiptanet og tengdust síðan fjarskiptanetum erlendra viðsemjenda Símans sem félagið hefði gert alþjóðlega reikisamninga við. Að þessu leyti er margt líkt með þessari þjónustu og „Reikiþjónustu erlendis“ sem fjallað er um hér að framan. Munurinn er þó sá að viðskiptavinir Símans í [...] þjónustunni hafa að öllu jöfnu ekki eins langvarandi viðskiptasamband við Símann og íslenskir viðskiptavinir félagsins og tenging þeirra við Ísland er ekki eins áþreifanleg.

Að öllu ofangreindu virtu hafnar PFS þeirri kröfu Símans að tekjur af umræddri þjónustu myndi ekki stofn til rekstrargjalds vegna ofangreindrar augljósu tengingar þjónustunnar við hið innlenda fjarskiptanet Símans, auk þess sem þjónustan byggir á [...]. Tilvísun

LOGOS í bréf PFS til Símans, dags. [...], þar sem umræddum kóða var úthlutað breytir ekki eðli starfseminnar eins og henni er lýst hér að ofan. Þarna er Síminn að nýta [...].

3.4 [...]

Síminn telur að tekjur af svokallaðri [...] myndi ekki stofn til rekstrargjalds. Samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið frá Símanum er hér um að ræða þjónustu sem [...]. Viðskiptavinir þessara fyrirtækja [...]. PFS kallaði eftir afriti af samningum við þá aðila sem Síminn hefði gert samninga við vegna umræddrar þjónustu.

PFS barst samningur Símans við [...]

Að mati PFS er augljóst að Síminn er samkvæmt ofangreindum samningi að móttaka, umflytja [...]. Síminn gerir það með því að nýta hið innlenda fjarskiptanet sitt. PFS telur það ekki skipta máli í þessu sambandi [...]. Símanum er mögulegt að veita umrædda þjónustu þar sem félagið er skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og ber skyldur og nýtur réttinda samkvæmt íslenskum fjarskiptalögum. [...].

Að öllu ofangreindu hafnar PFS þeirri kröfu Símans að tekjur af umræddri þjónustu myndi ekki stofn til rekstrargjalds vegna ofangreindrar augljósu tengingar þjónustunnar við hið innlenda fjarskiptanet Símans, en slíkt telst til rekstrartekna af *fjarskiptastarfsemi* hér á landi í skilningi 4. mgr. 14. gr. PFSL.

3.5 *Samandregin niðurstaða*

Samkvæmt öllu ofangreindu hafnar PFS kröfu Símans um að reikiþjónusta erlendis, umferð til Íslands, [...] þjónusta og [...] myndi ekki stofn til rekstrargjalds í skilningi 4. mgr. 14. gr. PFSL þar sem um sé að ræða fjarskiptaþjónustu sem veitt er erlendis.

Að mati PFS ræður úrslitum við skýringu ofangreinds ákvæðis að skilgreina hvað teljist rekstrartekjur Símans af *fjarskiptastarfsemi* félagsins *hér á landi*, en ekki hvar viðskiptavinur félagsins er staddur þegar hann nýtir sér þjónustuna. Hugtakið *fjarskiptastarfsemi* á samkvæmt framansögðu við um bæði fjarskiptaþjónustu og rekstur fjarskiptaneta. Það er óumdeild í málinu að félagið nýtir fjarskiptanet sín við veitingu umræddrar þjónustu og stöðu sína sem skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi til að semja við erlend fjarskiptafyrirtæki um samtengingu.

Ákvörðunarorð

Kröfu Símans hf. um endurgreiðslu meints ofgreidds rekstrargjalds vegna tekna af reikiþjónustu erlendis, umferð til Íslands, [...] þjónustu og [...], að fjárhæð kr. [...] vegna rekstraráranna 2002-2008, er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 7. október 2010

F.h. forstjóra, Björn Geirsson

Óskar H. Ragnarsson